

Minnisblað til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis hefur óskað eftir minnisblaði þar sem fram koma viðbrögð skrifstofu sveitarfélaga og byggðamála innviðaráðuneytisins við þeim umsögnum sem borist hafa nefndinni vegna þingsályktunartillögu um stefnumótandi byggðaáætlunar fyrir árin 2022-2036, 563. mál. Umsagnafrestur var framlengdur til 8. júní.

Hér á eftir er yfirlit yfir þær 20 umsagnir sem bárust. Greint er stuttlega frá efni umsagnarinnar og viðbrögðum skrifstofunnar við þeim. Almennt eru umsagnirnar gagnlegar, en falla oft utan sviðs þingsályktunartillögunnar. Lagðar eru til fjórar breytingar á tillögunni. Lagt er til að bætt verði við aðgerð þeirri sem Landsvirkjun leggur til í umsögn sinni. Sú breytingatillaga felur í sér að lagt er til að framlög til aðgerðar C.12 Sjálfbær samfélög - efling hringrásarhagkerfis lækki úr 85 millj. kr. í 84 millj. kr. Þá eru lagðar til tvær nýjar áherslur byggðar á umsögn Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.

Fulltrúar ráðuneytisins lýsa sig reiðubúna til að mæta á fund nefndarinnar verði þess óskað.

1. Bláskógabyggð

- Í umsögninni eru tilgreind mörg atriði sem eru jákvæði fyrir búsetu og þróun byggðar og til jöfnunar búsetuskilyrða. Sveitarstjórn bendir á að brýnt er að þess sé gætt í fjármálaáætlun og fjárlögum að viðkomandi ráðuneytum sé áætlað fjármagn til aðgerðanna.
 - Viðbrögð: Kallar ekki á viðbrögð.

2. Byggðastofnun

- Byggðastofnun skilar ekki efnislegri umsögn þar sem áætlunin var m.a. unnin af starfsfólki stofnunarinnar. Stofnunin bendir á mikilvægi þess að tillagan verði afgreidd fyrir þinglok.
 - Viðbrögð: Kallar ekki á viðbrögð.

3. Bændasamtökin

- Áhyggjur af að ekki er að finna aðgerðir til jöfnunar flutningskostnaðar og að ekki eru áætluð aukin framlög til málaflokksins skv. fimm ára fjármálaáætlun.

- Viðbrögð: Svæðisbundin flutningsjöfnun er lögbundin aðgerð og því ekki talin ástæða til að hafa hana sem sérstaka aðgerð á byggðaaætlun. Skv. fjármálaáætlun 2022-2026 eru áætlaðar 167 m.kr. til málaflokksins á ári.
- Jafnframt hafa samtökin áhyggjur af hækkandi verði á eldsneyti og aðföngum.
 - Viðbrögð: Fellur utan sviðs tillögunnar.
- Þá gera samtökin athugasemd við að ekki eru lagðar til markvissar aðgerðir í jöfnun orkukostnaðar í dreifbýli.
 - Viðbrögð: Jöfnun orkukostnaðar er bæði að finna sem áherslu og sem sérstaka aðgerð.
 - Áhersla f. undir markmiði A. Jöfnun aðgengis að þjónustu: „Orkukostnaður heimila verði jafnaður.“
 - Aðgerð A.2 Jöfnun orkukostnaðar. Vísað í markmið og lýsingu aðgerðar í tillögunni.

4. Fjórðungssamband Vestfirðinga

- FV telur mikilvægt að tillagan verði afgreidd fyrir þingslit og lýsir ánægju með undirbúning og ferli við endurskoðun áætlunarinnar. Fram kemur að það sé mat Vestfjarðastofu að beina mætti framkvæmd aðgerða byggðaaætlana til sóknaráætlana landshluta. Lýst er áhyggjum af fjármögnun byggðaaætlunar og bent á að framlög til hennar lækki árlega á fimm ára tímabili fjármálaáætlunar. Jafnframt er það mat Vestfjarðastofu að lækkun framlaga til sóknaráætlana landshluta og atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni gangi gegn markmiðum stjórnarsáttmála.
 - Viðbrögð: Fellur utan sviðs tillögunnar.
- Bent er á að landshlutasamtök sveitarfélaga eru framkvæmdar- eða samstarfsaðilar í fjölda aðgerða og lagt til að fram fari greining á áhrifum þeirra á starfsemi samtakanna og umboði þeirra til að taka að sér slík verkefni.
 - Viðbrögð: Tekið er undir að kostur væri að hafa slíka greiningu. Slík greining tengist aðgerð í stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga, þ.e. aðgerð nr. 6 Landshlutasamtök sveitarfélaga og samvinna sveitarfélaga. Markmið þeirrar aðgerða er að skýra stöðu og hlutverk landshlutasamtakanna. Þá er bent á að vinna við

endurskoðun áætlunar í málefnum sveitarfélaga stendur nú yfir í innviðaráðuneytinu.

- Þá er í umsögninni greining á fjárhagsstöðu sveitarfélaga og aðgerðir til að bæta þar úr og aðgerðir í innviðum. Lýst er áhyggjum af fjárhagsstöðu sveitarfélaganna og bent á að þau standi frammi fyrir stórum áskorunum. Bent er á að þessir þættir séu grundvöllur fyrir því að aðgerðir byggðaáætlunar nái fram að ganga.
 - Viðbrögð: Í umsögninni er bent á fjölmörg atriði t.d. á sviði uppbyggingar innviða sem mikilvægt væri að ráðast í á gildistíma áætlunarinnar. Flest eða öll tengjast þessi atriði markmiðum og aðgerðum þingsályktunartillögunnar.

5. Dalabyggð

- Dalabyggð lýsir yfir ánægju með tillöguna, telur hana metnaðarfulla og taka á helstu málaflokkum og verkefnum sem sveitarfélögin hafa kallað eftir. Til að hún nái fram að ganga og uppfylli tilgang sinn þarf að tryggja að fjármögnun.
 - Viðbrögð: Fellur utan sviðs tillögunnar. Umsögnin mun þó nýtast vel við framkvæmd byggðaáætlunar.

6. Landsvirkjun

- Landsvirkjun bendir á að áhersla á endurnýjanlega orku hafi aukist enn frekar á síðast liðnum mánuðum og leggur til nýja aðgerð „Grænir iðngarðar og önnur græn atvinnustarfsemi til eflingar byggðaþróunar“.
 - Viðbrögð: Tillögu Landsvirkjunar að nýrri aðgerð er fagnað og ekki gerðar athugasemdir við að henni verði bætt við. Haft hefur verið samráð bæði við URN og HVIN og er lagt til að aðgerðin verði svo hljóðandir:

C.17 Grænir iðngarðar

Markmið: Að nýta betur tækifæri til uppbyggingar grænnar atvinnustarfsemi sem byggir á svæðisbundnum styrkleikum.

Stutt lýsing: Greint verði hvernig hvetja megi til uppbyggingar grænna iðngarða sem byggja á hringrásarhugsun, annarrar grænnar atvinnustarfsemi og fjárfestingar í

nýsköpun almennt. Greint verði hvaða lágmarks undirbúningsvinnu og innviðaupbyggingu þurfi til svo ferlið við uppbyggingu slíkrar grænnar atvinnustarfsemi verði sem skilvirkast og hvatt verði til fjárfestingar. Jafnframt verði skoðað hvort skýra þurfi regluverk eða eftir atvikum einfalda það.

Ábyrgðarráðuneyti: Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið.

Framkvæmdaraðili: Landshlutasamtök sveitarfélaga, sveitarfélög.

Dæmi um samstarfsaðila: Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið, Landsvirkjun, Nýsköpunarsjóður, Samorka, orkufyrirtæki, háskólar.

Tímabil: 2022-2026.

Tenging við aðrar stefnur/áætlanir: Í átt að hringrásarhagkerfi, Orkustefna fyrir Ísland, aðgerðaáætlun í loftslagsmálum.

Tenging við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna: Styður við markmið 13 og fleiri.

Tillaga að fjármögnun: 1 millj. kr.

7. Landssamtökin Þroskahjálp

- Efasemdir um að fallið var frá kröfu í lögum um lágmarksfjölda fólks á hverju þjónustusvæði fyrir fatlað fólk. Efasemdum lýst um að fámenn sveitarfélög hafi burði til að þjóða upp á þjónustu.
 - Viðbrögð: Fellur utan sviðs tillögunnar.

8. Samband íslenskra sveitarfélaga

- Leggur mikla áherslu á að tillagan verði samþykkt á vorþingi.
 - Viðbrögð: Fellur utan sviðs tillögunnar.

9. Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum

- SSS fagnar framkominni tillögu en lýsir yfir áhyggjum af lækkandi framlögum til atvinnuráðgjafa og sóknaráætlana landshluta.
 - Viðbrögð: Fellur utan sviðs tillögunnar.

10. Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins

- Innviðir. Samtökin benda á mikla uppsafnaða fjárfestinga- og viðhaldsþörf innviða. Sakna þess að ekki sé lögð sérstök áhersla á að bæta samgöngukerfið. Samtökin hafa áður lýst áhyggjum af því að dregið sé úr fjárframlögum til viðhalds vegakerfisins og telja mikilvægt að gætt sé að því að grafa ekki undan jákvæðum markmiðum framlagðrar byggðaáætlunar með vanfjármögnun á vegakerfinu og öðrum innviðum landsins.
 - Viðbrögð: Fellur utan sviðs tillögunnar. Bent er á að unnið er að endurskoðun samgönguáætlunar og stefnt að því að klára þá vinnu fyrir áramót. Innviðaráðuneytið leggur mikla áherslu á að samhæfa áætlanir sínar, þ.m.t. byggðaáætlun og samgönguáætlun.
- Húsnæði. Mikilvægt að mótuð verði ný húsnæðisstefna. Benda á að ekki sé minnst á þá stefnumörkun í fyrirbyggjandi byggðaáætlun. Benda einnig á mikilvægi þess að vinna við innleiðingu á aðgerðum starfshóps um aðgerðir og umbætur á húsnæðismarkaði fari sem fyrst af stað.
 - Viðbrögð: Fellur utan sviðs tillögunnar. Bent er á að vinna við mótun húsnæðisstefnu stendur yfir í innviðaráðuneytinu.
- Menntun. Samtökin fagna áformum sem sett eru fram.
- Atvinnumál. Samtökin fagna áherslum en telja þó að áætlunin leggi of mikla áherslu á opinber störf á kostnað starfa á almennum markaði. Samtökin eru ósammála því að hlutfall ríkisstarfa af íbúafjölda segi til um jöfn tækifæri til atvinnu eða eigi að vera markmið í sjálfu sér.

11. Samtök sunnlenskra sveitarfélaga

- SASS fagnar tillögunni og miklu samráði. Lögð er áhersla á að tillagan verði samþykkt á vorþingi. Lýst er vonbrigðum með lækkandi framlög til atvinnuráðgjafar og sóknaráætlana landshluta.
 - Viðbrögð: Fellur utan sviðs tillögunnar.

12. Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

- SSH telja mikilvægt að horfa til landsins alls þegar rætt er um byggðaáætlun og leggja áherslu á að höfuðborgarstefnu verði ýtt úr vör af krafti á næstu mánuðum.
 - Viðbrögð: Kallar ekki á viðbrögð.

13. Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra

- SSNV bendir á að byggðaaætlun er ein af grunnstoðum sem landshlutasamtök sveitarfélaga starfa eftir og taka fram að undirbúningur að tillögunni hefur verið viðamikill og samráð afar gott. Í umsögninni er bent á að landshlutasamtökin eru lykilaðilar í framkvæmd fjölmargra aðgerða byggðaaætlunar og að það skjóti skökku við að í sömu andrá eru uppi áform um skerðingu fjármagns til þeirra, bæði til atvinnuráðgjafa og sóknaráætlana. Bent er á að það sé í ósamræmi við stjórnarsáttmálans. SSNV leggur höfuðáherslu á að fjármögnum byggðaaætlunar verði tryggð, einkum fjármunir til sóknaráætlana og atvinnuráðgjafar en einnig verði hugað að auknu fjármagni til einstakra verkefna byggðaaætlunar.
 - Viðbrögð: Fellur utan sviðs tillögunnar. Umsögnin mun þó nýtast vel við framkvæmd byggðaaætlunar.
- Í umsögn um einstaka liði tillögunnar er bent á að engin áhersla er lögð á rannsóknar- og vísindastarfsemi.
 - Viðbrögð: Tekið er undir ábendinguna og lagt til að eftirfarandi áhersla verði bætt við undir markmið A - Jafna aðgengi að þjónustu sem staflið r: „Rannsóknavirkni, vísindastarfsemi og nýsköpun á landsbyggðinni verði efl.“
- Bent er á að lítil áhersla sé á stuðning við landbúnað í tillögunni. Huga þurfi að afkomuöryggi bænda til jafns við framþróun og nýsköpun. Samtökin telja að áform um uppsetningu matvælakjarna (aðgerð C.12 Uppsetning og rekstur matvælakjarna) nýtast vel í því augnamiði en betur má ef duga skal.
 - Viðbrögð: Tekið er undir ábendinguna og lagt til að bætt verði við eftirfarandi áherslu undir markmið C - Stuðla að sjálfbærri þróun byggða um land allt sem staflið s: „Stuðningur við landbúnað sem mikilvægan hluta af fæðuöryggi og grunnþátt í búsetumynstri í landinu verði efl.“

14. Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi

- SSV lýsir yfir ánægju með tillöguna, en hefur hins vegar þungar áhyggjur af fjármögnun byggðaaætlunar og byggðamála almennt og bendir á að framlög munu lækka á komandi árum skv. fjármálaáætlun 2022-2026.
 - Viðbrögð: Fellur utan sviðs tillögunnar. Umsögnin mun þó nýtast vel við framkvæmd byggðaaætlunar.

15. Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra

- Umsögn SSNE lítur að lækkandi fjárveitingum til byggðaáætlunar og sóknaráætlunar landshluta og telja það í miklu ósamræmi við stjórnarsáttmálann. Í umsögninni fylgir bókun stjórnar SSNE þar sem óskað er eftir skýringum á því ósamræmi sem felst í að fela landshlutasamtökum sveitarfélaga aukið hlutverk á sama tíma og fjárframlög lækka.
 - Viðbrögð: Fellur utan sviðs tillögunnar.

16. Umboðsmaður barna

- Umboðsmaður barna bendir á að ekki var haft sérstaklega samráð við börn við mótun tillögunnar og bendir á mögulegar leiðir til að ná til barna og ungmenna.
 - Viðbrögð: Leitast verður við að hafa samráð við börn og ungmenni í framtíðinni. Ráðuneytið er þegar með til skoðunar hvernig ná megi til barna og ungmenna þegar kemur að stefnumótun og áætlanagerð.

17. Ungmennasamband Íslands

- UMFÍ fjallar um mikilvægi íþróttahéraða og bendir á að mögulega þurfi að skoða sameiningar þeirra eða styrkingu í dreifðari byggðum.
 - Viðbrögð: Eftir umsögn UMFÍ í samráðsferlinu var bætt við þeirri áherslu að hlutverk íþróttahéraða verði skilgreind og þau eflað, ekki hvað síst með hag barna og ungmenna að leiðarljósi.

18. Vestmannaeyjabær

- Lýst er ánægju með aðgerðaáætlunina og tekið undir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga sem leggur mikla áherslu á að tillagan verði samþykkt á vorþingi. Hvatt er til að aðgerðir undir því markmiði að jafna aðgengi að þjónustu verði sett í forgang.
 - Viðbrögð: Fellur utan sviðs tillögunnar.

19. Þróstur Friðfinnsson

- Þróstur efast um skynsemi stefnu stjórnvalda í byggðamálum. Hann telur tillöguna ekki marka stefnubreytingu og telur það misráðið. Leggur til „einfalda og skýra byggðastefnu í þremur liðum“.
 - Viðbrögð: Fellur utan sviðs tillögunnar.

20. Öryrkjabandalag Íslands

- ÖBÍ telur æskilegt að bæta við sérstakri aðgerð um skipan og störf aðgengisfulltrúa í sveitarfélögum til að fylgjast með að framkvæmdir uppfylli aðgengisþarfir fatlaðs fólks og benda á það sem þarf úrbóta við.
 - Viðbrögð: Aðgerðin fellur illa að sviði tillögunnar. Bent er á að vinna við endurskoðun stefnu og aðgerðaáætlunar í málefnum sveitarfélaga er hafin í innviðaráðuneytinu.
- Í tengslum við aðgerð A.10 Almennings-samgöngur milli byggða er bent er á að skv. nýrri úttekt ÖBÍ telst engin biðstöð á hringveginum uppfylla aðgengisviðmið.
 - Viðbrögð: Aðgerðin er sett upp sem samkeppnispottur sem öllum er frjálst að sækja um styrki til. Úttektin sem vísað er til hlaut einmitt styrk úr þeim samkeppnispotti haustið 2021.
- Ábendingar eru settar fram varðandi aðgerð C.5 Húsnæðismál.
 - Viðbrögð: Fellur utan sviðs tillögunnar.
- Ábendingar eru settar fram varðandi aðgerð C.6 Húsnæðisáætlanir sveitarfélaga.
 - Viðbrögð: Ábendingunni verður komið á framfæri við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun sem fer með framkvæmd aðgerðarinnar.